# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1. síðar

Byggf. 21/8 '08

By. 2

Þar sem jeg hefi í hyggju að byggja timburbæ á lóð minni, svo kallaðri Oddsteðagarðslóð hjer í bæ á Melunum, þá vil jeg hjer með mælast til, að byggingarnefndin við fyrstu hentugleika mæli mjer út undir bæ þennan.

Jeg hefi áður sent byggingarnefndinni uppdrátt af lóðinni svo og teikningu af bænum, en leyfi mjer hjer með að senda leyfi frá frú Kristínu Sigurðardóttir um það, að leyfilegt sje að fara með sprautur og vagna yfir blett hennar að bæ mínum, ef eldsvoða skyldi bera að höndum.

Nakkarabæ í Reykjavík 14. ágúst 1908

Steindór Guðmundsson

B. Rvk. 76/1908 By II

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með lýsi jeg undirskrifuð því yfir, að leyfilegt skal vera að fara með vagna og sprautur yfir tún mitt á Melunum að húsi því, er Steindór Guðmundsson ætlar nú að láta byggja á Oddsbæjarlóð, ef eldsvoða kann að bera að höndum í húsi hans, og skal allur ágangur á lóð minni, er af slíku kann að leiða, vera átölulaus af mjer og án þess jeg krefjist endurgjalds fyrir af bæjarsjóði.

Hofi, Reykjavík 14. ágúst 1908.

Kirstín Pjetursdóttir

B. Rvk. 76/1908 Bygg. II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Steindór Guðmundsson

Hús: 9x7 x 5 ál = 315 teningsálnir
Skúr: 6x4x4 – = 96 —
411 —

Gjald 4 kr. 11 a.–

Síra Lárus Halldórsson

Tommustokur ífir Lóðina og grunnplanið á lóðinni










Tommu stokur ífir Húsgrunnina








© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leifi eg mér að biðja hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur svo vel gjöra og breyta 400 al. úr erfðafestulandi mínu við Grettisgötu (bakloð upp af lóð Ingvars Sveinssonar) í byggingarlóð sem ég ætla að selja Sigurði Ásbjörnssyni húsmið á 1 kr. alinina.

Rvík, 20. ágúst 1908.

Guðm. Egilsson

Til
bæjarstjórnar
Reykjavíkur.

B. Rvk. $\frac{75}{1908}$ By. II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu Bæjarstjórn að breyta 150 □ ál. af erfðafestulandi mínu í byggingarlóð. Er land þetta fyrir norðan og neðan lóð Jóns Magnússonar. Verð á þessari viðauka-lóð er 0,50 hver □ alin. Jeg sel Jóni.

Rauðará 4/8 - 08

Virðingarfyllst

Vilhjálmur Bjarnarson

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

B. Rvk. 77/1908 By. II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




B. Rvk. 77/1908 By. II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Öll vinna, sem að húsgagnatrésmiði lýtur, fljótt og vel af hendi leyst. Uppdrættir og kostnaðaráætlanir gjörðar af húsum.

# Jóh. Kr. Jóhannesson & L. Sigurðsson

Trésmíðameistarar. – Klapparstíg 20, Reykjavík. – Talsími 210.

Reykjavík 31 agust 1908.

Til Biggjinarnefndar Reykjavikur

Undiskrifadur óska ad fá samþykta af biggjinganefndinni í Reykjavik ad fá ad hafa med stofsarbeita í húsinu № 17 vid Laugaveg. Sömuleidis ad breita gluggum á sama húsi, eins og synt er á medfilgjandi tekningu.

Jóh. Kr. Jóhannesson

B. Rvk. 78/1908 By II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður leyfi mér hérmeð, að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún vilji leyfa mér, að byggja skúr á lóð minni við Grettisgötu 22, stærð: 4 × 8 al. hæð: 4 + 8. Beiðni þessari fylgir teikning yfir skúrinn.

Hrauntúni við Laugaveg 29. ág. 1908

Ingvar Sveinsson

B. Rvk. 79/1908 By II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að óska eftir að hin háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur vilji veita mér leyfi sitt og samþykki til þess, að reisa upp bráðabyrgðar skúr á lóð minni, við húsið nr: 50 við Hverfisgötu
Skúr þessi á að verða að stærð 3×4 álnir, byggður úr bárujárni neglu á timburgrind og krókað saman á öllum hornum.
Grunnur verður enginn undir skúr þessum og heldur ekki gólf í honum. —
Tilgangurinn er að smiðja verði höfð í skúr þessum og hann aðallega notaður til að svíða kindarhöfuð í honum. —
Svar óskast sem allra fyrst. —

Virðingarfyllst,

Reykjavík 29/8 – 08

Guðmundur Sveinsson

B. Rvk. 86/1908 By II

Byggingarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur
að leifa mjer að hækka brandgafl vestan vert c 3 álnir við lóð mína í 2 skörð milli húsa
sömuleiðis vatnsbretti af brandgafli milli Pakkhúsa.

Reykjavík 21 agust 1908

Gunnar Gunnarsson
Hafnarstræti 8

B. Rvk. 81/1908 By II

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur